

**Sp.**

**83. Tillaga til þingsályktunar**

[77. mál]

um hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að hlutast til um, að húsnæðismálastjórn breyti hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr kr. 800 000.00 í kr. 1 200 000.00, til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, 8. gr. B.

**Greinargerð.**

Á síðasta þingi flutti ég samhljóða tillögu til þingsályktunar, nema þar var gert ráð fyrir, að hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins yrði breytt úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, var fjárhæð lána úr Byggingarsjóði ríkisins ákveðin kr. 600 000.00. Jafnframt var það nýmæli þá tekið upp í lög þessi, að húsnæðismálastjórn geti, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Eftir að lög þessi voru sett, hefur orðið mikil hækkun byggingarkostnaðar. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar, eða í maí 1972, var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí 1972 í 683 stig og var þá orðin 55.6% hærri en í maí 1970. Svo var komið 1. nóvember 1972, að vísitala byggingarkostnaðar var orðin 689 stig, og var þar um að ræða 56.9% hækkun, síðan lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Þrátt fyrir þessa miklu hækkun byggingarkostnaðar hafði upphæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins verið óbreytt. Augljóst var, að við svo búið gat ekki staðið, og flutti ég því þingsályktunartillögum á síðasta þingi um hækkun lánsupphæðar úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00. Tillaga þessi hlaut ekki afgreiðslu, en kom samt hreyfingu á málið. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi var samþykkt í apríl s. l. sú breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að lánsfjárhæðin má nú vera kr. 800 000.00 í stað kr. 600 000.00, sem áður var.

En hér var bæði of lítið og of seint að gert. Í apríl s. l. var byggingarvísitalan 708 stig og hafði því hækkað um 61.3% síðan í maí 1970, en lánsfjárhæðin hækkað á sama tímabili aðeins um 33.3%. Auk þess hefur nú komið til mikil hækkun byggingarkostnaðar, frá því að þetta var ákveðið. Nú er vísitala byggingarkostnaðar orðin 913 stig, eða hefur hækkað frá því í maí 1970 um 108.0%, en lánsfjárhæðin aðeins um 33.3%.

Af þessu má marka, að það er meira en tímabært að hækka fjárhæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins, svo að þau lækki ekki hlutfallslega miðað við byggingarkostnað frá því, sem var, þegar gildandi lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett. Augljóst er, að hækkun sú, sem nú þarf að ákveða á íbúðarlánnum, þarf að nema að minnsta kosti allt að 100% frá því, sem var 1970 eða 50% frá því, sem nú gildir, og er því lagt til, að lánsfjárhæðin megi nema allt að kr. 1 200 000.00.